

Best að hafa þetta stutt og skemmtilegt

Í vetrarlok hóf hljómsveit sem kallaði sig Sálin hans Jóns míns að leika í Blókjallaranum, sem er undir Læjartungli og brátt fóru spurnir af því að það færi ein alþjögasta hljómsveit landsins. Eins og fólst í nafninu lék Sálin mikið af klassískum bandarískum soul-lögum þó að sveitarmenn hafi einnig átt til frumsamín lög.

Eftir helgi sendir Sálin frá sér sína fyrstu hljómplötu, Syngjandi sveittir, hjá Steinari, sem á eru átta lög með og þar á meðal eru fjögur gamalkunn soul-lög bandarískrar ættar, sem tekin eru upp í Blókjallaranum og á Hótel Akranesi fyrir framan áheyrendur og sem ekkert hefur verið átt við fram að því að þau eru sett á plast. Á geisladisk sem út kemur um leið er að finna þrjú lög aukreitis sem tekin eru upp á svipuðum slóðum og þar á meðal er Sókrates (Þú og þeir) í sáluðum búningi.

Rokksíðan tók hús á Rafni Jónssyni trommuleikara sveitarinnar til að aflla frekari fréttu af sveitinni og lagavali hennar.

Hvernig og hversvegna varð Sálin til?

Þetta byrjaði allt þegar við ákváðum að setja upp sýningu með tónlistinni úr Jesus Christ Superstar í vetur og það má segja að þetta sé sama hljómsveit og kom saman þá. Við ákváðum að prófa að leika soul-tónlist og tókum okkur þrjá mánuði í að æfa upp soul-dagskrá. Nafnið er síðan komið út frá tónlistinni. Í fyrstu vorum við að velta fyrir okkur að nota bara nafnið Sálin, en það var víst notað á hljómsveit sem lék svipaða tónlist í eina tíð. Þá varð til nafnið Sálin hans Jóns míns, en það er alveg óskýlt Jóni Ólafssyni.

Á plötunni eru soul-lög eftir hina og þessa, en einnig er á henni lög sem þið semjið sjálfir og það eru ekki soul-lög.

Nei, við vorum ekkert að reyna að semja soul-lög, þó það sé einhver soul-blær á þeim í söngnum og blæstrinum.

Er Sálin orðin til í kjölfar vaxandi áhuga á soul-tónlist víða í Vestur-Evrópu?

Ég hef nú eiginlega ekkert fylgst með því sem er að gerast í þessum

efnum úti. Þessi hugmynd okkar kviknaði kannski að einhverju að áhrifum að utan, en það var þá ómeðvitað. Kannski má líka rekja upphafið til þess að þeir Jón og Guðmundur gítarleikari voru í hljómsveit í vetur sem lék tónlist úr kvikmyndinni The Blues Brothers.

Hvernig hefur gengið að leika þessa tónlist á sveitaböllum? Neyðist þið ekki til að leika vinsældalistapopp með?

Nei, við leikum með klassísk keyrslurokkklög til að keyra upp stemninguna og ná meiri vidd í dagskrána, enda er ekkert víti í því að vera að eltast við vinsældalistaana. Við leggjum upp með ákveðna dagskrá og annað hvort gengur það upp eða ekki og það hefur allt gengið upp hingað til. Fólk virðist kunna að meta þessa tónlist eftir allt dub-dótið og mixlögin.

Þessi tónlist sem við erum að leika er náttúrulega ekki ný og þessi lög sem við erum með hafa verið tekin upp hundrað sinnum og það þekkjá þau allir.

Hvernig hefur ykkur gengið að komast í soul-andann?

Það hefur gengið vel, en það hefur alltaf verið draumurinn að vera með blásarasveit með okkur til að fullkomna þetta allt. Það er bara svo dýrt að það ræður enginn við það.

Finnst þér nást tónleika-stemning á plötunni?

Við fórum út í það að ná einskonar klúbbstemningu, eins og er á bestu soul-tónleikaplötum sem maður heyrir. Þá eru kannski um hundrað manns á staðnum og af lófataki má ráða að það eru þrjátíu eða þar um bil að hlusta. Mér finnst persónulega vera betsa stemningin á þannig tónleikum. Við byrjuðum í kjallaranum á sínum tíma, lékum þar í mánuð og enduðum á því að taka upp stafrænt á tvær rásir þessi soul-lög sem eru á plötunni. Hljómurinn er mjög góður og mér finnst rétta stemningin nást.

Hvernig urðu frumsömdu lögin til?

Menn komu bara með lög og texta og hljómsveitin æfði þau saman.

Ykkur hefur ekki dottið í hug að vera með heila plötu af frumsömdu efni?

Nei, það kom aldrei upp. Við ætluðum okkur alltaf að hafa þetta eins og það er.

Hvað er framundan hjá Sálinni?

Ég reikna með að við hvílum okkur á þessu í haust, það er best að hafa þetta stutt og skemmtilegt.